

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. desember 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-70/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 4. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á farsíma, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri úrbætur á farsímanum, henni að kostnaðarlausu.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 9. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 17. september. Með bréfi, dags. 23. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 7. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 16. desember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem fylgdu henni kemur fram að hinn 23. apríl 2014 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S5 af seljanda fyrir kr. 118.995. Álitsbeiðandi segir að skjárinn á umræddum síma hafi brotnað, án þess að því virðist, að hann hafi orðið fyrir höggi. Var álitsbeiðandi með símann í vasa á svuntu í vinnu sinni, sem m.a. er fólgin í því að búa um rúm. Þegar hún tók símann úr vasanum var örþunn sprunga í gegnum miðjan skjá símans, líkt og mikil spenna hafi verið á skjánum. Veltir álitsbeiðandi því fyrir sér hvort síminn hafi verið vitlaust settur saman, sem hafi síðan orsakað að skjárinn brotnaði. Fór álitsbeiðandi með símann til seljanda, og af gögnum málsins má ráða að það hafi verið í byrjun ágúst sl. Tók seljandi við símanum og sendi hann á þjónustuverkstæði umboðsaðila símans. Þaðan hafi fengist þau svör að skjár símans væri ekki í ábyrgð. Í kjölfarið hafi seljandi neitað að bera kostnað af viðgerð á skjánum og m.a. sagt álitsbeiðanda að þar sem svo langur tími væri liðinn frá kaupum, þ.e. þrjú mánuðir, væri ekki hægt að vita hvað síminn hefði þurft að þola á þeim tíma.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfur að seljandi lagfæri símann sér að kostnaðarlausu. Vísar álitsbeiðandi til þess að áður en hún festi kaup á símanum hafi hún skoðað auglýsingar sem hún hafi skilið sem svo að síminn ætti að þola ýmislegt, sem hún hafi m.a. túlkað með þeim hætti að síminn væri höggheldur. Þá hafi hún lesið sér til um símann og skilist að skjárinn ætti að þola nokkuð áreiti.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupum á símanum, ásamt afriti af verkbeiðni verkstæðis, dags. 8. ágúst sl. Þar kemur fram að sprunga sé fyrir miðju á skjá símans og að álitsbeiðandi sé ósátt við að síminn sé ekki höggheldur, líkt og ráða megi af auglýsingum fyrir hann. Þá kemur fram að starfsmaður verkstæðisins telur símann ekki höggheldan, rammi símans þoli högg, en ekki skjárinn. Eins kemur fram að það muni kosta kr. 40.000 að gera við símann.

**IV**

## Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að málið snúist um brotinn skjá á Samsung Galaxy S5 farsíma. Hafnar seljandi því að síminn sé gallaður í skilningi þess orðs, þ.e. að galli hafi verið til staðar við kaupin, heldur hafi skjár símans brotnað vegna utanaðkomandi þrýstings á hann. Vísar seljandi til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem segi orðrétt: „ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.“ Þrír og hálfur mánuður hafi liðið frá kaupum og þar til álitsbeiðandi kom með símann til seljanda hinn 7. ágúst sl. Seljandi hafi sent símann til umboðsverkstæðis sem hafi skoðað símann. Niðurstaða verkstæðisins sé sú að síminn sé ekki haldinn framleiðslugalla. Síminn sé auglýstur sem vatns- og rykvarinn upp að vissu marki, en aldrei sé talað um að síminn sé höggþéttur.

## V

### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S5 af seljanda hinn 23. apríl 2014 fyrir kr. 118.995.

Í byrjun ágúst sl. brotnaði skjár símans og fór álitsbeiðandi með símann til seljanda hinn 7. ágúst. Telur álitsbeiðandi að um einhverskonar framleiðslugalla sé að ræða á símanum, þ.e. að hann hafi ekki verið settur saman með fullnægjandi hætti. Þá telur álitsbeiðandi einnig að auglýsingar á nánar tilgreindri vefsíðu hafi borið það með sér að síminn ætti að vera höggþéttur. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi framkvæmi úrbætur á símanum, henni að kostnaðarlausu. Seljandi hefur hafnað kröfum álitsbeiðanda og vísað til þess að verkstæði umboðsaðila símans hafi skoðað símann og komist að þeirri niðurstöðu að hann væri ekki haldinn framleiðslugalla. Ástand símans verði því rakið til meðferðar álitsbeiðanda á honum. Þá vísar seljandi til 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, máli sínu til stuðnings.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í máli þessu liggur fyrir að skjár í farsíma álitsbeiðanda brotnaði í ágúst sl. þ.e. tæpum fjórum mánuðum eftir kaupin. Af því leiðir að hlutlægt séð var síminn haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. sömu laga. Hins vegar, eins og að framan greinir getur síminn ekki talist gallaður nema að gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“. Verði ástæða þess að skjár símans brotnaði raktar til meðferðar álitsbeiðanda á símanum, ber því að hafna kröfu hennar. Verði það hins vegar talið að galli í framleiðslu hafi leitt til að skjár símans brotnaði, þrátt fyrir að það hafi ekki gerst fyrr en tæpum 4 mánuðum eftir kaupin, er hins vegar um galla að ræða sem seljandi ber ábyrgð á. Öllu jafna þurfa þeir sem halda fram galla á söluhlut að sýna fram á þann galla sjálfir. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er hins vegar að finna undantekningu frá þeirri reglu. Málsgreinin er svohljóðandi:

„Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.“

Fyrri málsliður greinarinnar þýðir í raun að þegar galli kemur upp innan sex mánaða frá því kaup fóru fram, telst sá galli hafa verið til staðar við kaupin, nema að seljandi sýni fram á annað. M.ö.o. hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að varan sé ekki haldin galla á seljanda. Í síðari málslið 2. mgr. 18. gr. er síðan að finna heimild til að líta framhjá þeirri reglu sem sett er fram í fyrri málslið greinarinnar. Í greinargerð sem fylgdi lögum nr. 48/2003 um neytendakaup segir síðan m.a. eftirfarandi í skýringum við síðari málslið greinarinnar: „Undantekningar er varða eðli gallans geta t.d. varðað tilvik þar sem orsaka gallans er að leita í atvikum sem urðu eftir áhættuflutninginn og þar sem gallinn sjálfur, út frá almennri reynslu, bendir til þessa. Sem dæmi um þetta má nefna tilvik þar sem aðstæður benda til að söluhlutur hafi orðið fyrir höggi sem honum hefur frá upphafi ekki verið ætlað að þola.“ Með öðrum orðum þá á undantekningin frá almennum sönnunarreglum sem kveðið er á um í 2. mgr. 18. gr. laganna ekki við þegar að aðstæður benda t.d. til þess að söluhlutur hafi orðið fyrir einhverju hnjaski eða höggi, eftir afhendingu til neytanda, sem hlutnum var aldrei ætlað að þola.

Mál þetta varðar brotinn skjá á farsíma, sem er viðkvæmt raftæki. Brotnaði skjárinn þegar farsíminn var í meðförum álitsbeiðanda. Eru þannig meiri líkur en minni á því að söluhluturinn hafi orðið fyrir hnjaski eða höggi í meðförum neytanda, en að annað hafi komið til sem olli því að skjár símans brotnaði. Er það því mat kærunefndarinnar að sönnunarregla 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi ekki við í málinu. Af því leiðir að sönnunarbyrðin fyrir því að umræddur sími sé gallaður hvílir á álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu ekki lagt fram nein gögn sem styðja fullyrðingar um að sími hennar sé haldinn galla. Seljandi hefur hins vegar borið því við að verkstæðið sem gerði við símann telji hann ekki haldinn framleiðslugalla. Þrátt fyrir að ekkert komi fram um það í gögnum málsins að verkstæðið hafi framkvæmt slíkt mat, raunar kemur ekkert annað fram um athugun verkstæðisins á símanum en að skjár hans sé brotinn, síminn sé ekki höggvarinn en rammi símans þoli eitthvað á meðan skjárinn geri það ekki, breytir það ekki því að álitsbeiðandi hefur í engu sýnt fram á síminn hafi verið haldinn galla. Verður því að líta svo á að ástand símans sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hana varði í skilningi 1. mgr. 26. gr. laganna. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Hvað varðar málsástæðu álitsbeiðanda um að auglýsingar þær sem hún vísar til í álitsbeiðni sinni hafi borið það með sér að síminn væri höggþolinn, getur kærunefndin ekki tekið undir þann skilning álitsbeiðanda.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir